

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6, 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 260, 12. maí 1986.

Samgönguráðuneytið, 19. apríl 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfesta 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern hemil | kr. 170,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils | kr. 686,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan

15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð		
0–300 m ³ (innifalið)	kr.	69 275,00
300–1000 m ³	kr./m ³	83,50
1000 m ³ og yfir	kr./m ³	55,40
1 aðrennslisemill á grind	kr.	18 191,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 950,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 365, 20. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 5. maí 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.